

Neðangreindar breytingar eru gerðar á gildandi kjarasamningi aðila, Bláðamannafélags Íslands, kt. 690372-0109 og Birtings, útgáfufélags ehf., kt. 620867-0129, hvað varðar öll kjör og kjaratengda liði og gilda frá 1. desember 2019.

1. gr.

Síðastgildandi kjarasamningur aðila framlengist til 1. nóvember 2022 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

2.gr.

Ný launatafla tekur gildi frá 1. desember 2019. (Sjá fylgiskjal 1)

3.gr.

Öll kjör og kjaratengdir liðir hækka með eftirfarandi hætti:

Frá og með 1. desember 2019: 17.000 kr.

1. apríl 2020: 24.000 kr.

1. janúar 2021: 24.000 kr.

1. janúar 2022: 25.000 kr.

4.gr.

Grein 1.4. umorðist þannig að allt starf sé metið til starfaldurs. Takmarkanir varðandi starf hjá sama útgefanda falli brott. Við skilgreiningu um þá sem eiga að taka laun samkvæmt 2. flokki bætist: Bláðamenn sem náð hafa 5. þrepi í 1. flokki.

5.gr.

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2019 92.000 kr.

Á árinu 2020 94.000 kr.

Á árinu 2021 96.000 kr.

Á árinu 2022 98.000 kr.

Júliuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2019 verði júliuppbót kr. 50.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2020 verði júliuppbót kr. 51.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2021 verði júliuppbót kr. 52.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2022 verði júliuppbót kr. 53.000.

6. gr.

Í grein 2.3.1 kemur 20% í stað 15% og 27% í stað 21%.

7. gr.

Ákvæði 2.2: 07-19 verði 08-17.

17

525

8. gr.

Nýtt ákvæði 2.2.4.: Unninn tími á morgun-, milli- og kvöldvöktum jafngildi 1,16 dagvinnutímum.

9.gr.

Inn kemur nýtt ákvæði um vaktstjórn 2.14 svohljóðandi: Vaktstjóri fái að lágmarki 15% álag á taxtalaun.

10. gr.

Í grein 7.3 um endurgreiddan kostnað bætist við nýr liður d) svohljóðandi: Útgefandi greiðir hluta kostnaðar vegna tækjakaupa samtals kr. 5.000 á mánuði. Samtala breytist í 28.000 á mánuði.

11.gr.

Í grein 2.4 verður prósentu vegna yfirvinnu 1,15% í stað 1,0385 frá og með 1. nóvember 2022.

12. gr.

Kaflar 9.3, 9.4, 9.5 og 9.6 falla brott.

13. gr.

Vegna ákvæðis kjarasamnings 12.2 um samnýtingu á fleiri en einum fjölmiðli í eigu sama útgefanda greiðast 80.000 kr. til hvers starfsmanns á ritstjórn 1. apríl ár hvert, í fyrsta skipti 1. apríl 2020 og síðan árlega upp frá því. Upphæðin tekur breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs 1. mars árlega.

14. gr.

Orðalag í samningnum breytist á þann veg að þar sem talað er um blaðamann komi starfsmaður í staðinn og þar sem talað er um úgefanda komi atvinnurekandi.

15..gr.

Á árunum 2020-2022 reiknast ár hvert kauptaxtauki vegna launaþróunar, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Úrskurði launa- og forsendunefnd ASÍ og SA kauptaxtauka á grundvelli launaþróunar skulu kauptaxtar samnings þessa taka sömu krónutöluhækkun.

16. gr.

Kjarasamningur þessi byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar hvað varðar breytingar vegna launaþróunar eða forsenduákvæða og skulu þá sambærilegar breytingar gilda um þennan samning. Komi til þess að almennum kjarasamningum verði sagt upp er heimilt að segja þessum samningi upp með sömu tímamörkum og skal gera það innan viku frá því almennum kjarasamningum var sagt upp.

17. gr.


Vegna þess hversu langt er liðið á árið og frá því síðastgildandi samningur lauk göngu sinni greiðist eingreiðsla 162 þús. kr. 1. janúar 2020.

18. gr.

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamningsins fyrir klukkan 17.00 þriðjudaginn 29. október 2019.


Reykjavík 28. október 2019

Með fyrirvara um samþykki samninganefndar BÍ
og félagsmanna í BÍ sem starfa á Birtingi



Hjálmar Jónsson, formaður BÍ

Með fyrirvara um samþykki stjórnar Birtings



Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir,
framkvæmdastjóri Birtings



Launatafla 1. desember 2019

SD. HJ

Grunnlaun

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E.10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	347.816	370.944	384.820	399.529	415.363	427.074	439.136	451.560	464.357
2. flokkur	387.485	415.258	425.873	436.885	448.310	460.165	472.464	485.223	498.460
3. flokkur	396.776	425.873	436.885	448.310	460.165	472.464	485.223	498.460	

Grunnlaun með 20% álagi - mánaðarlaun

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E.10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	417.379	445.133	461.784	479.435	498.436	512.489	526.963	541.872	557.228
2. flokkur	464.982	498.310	511.048	524.262	537.972	552.198	566.957	582.268	598.152
3. flokkur	476.131	511.048	524.262	537.972	552.198	566.957	582.268	598.152	0

Grunnlaun með 27% álagi - mánaðarlaun

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E.10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	441.726	471.099	488.721	507.402	527.511	542.384	557.703	573.481	589.733
2. flokkur	492.106	527.378	540.859	554.844	569.354	584.410	600.029	616.233	633.044
3. flokkur	503.906	540.859	554.844	569.354	584.410	600.029	616.233	633.044	0